



Nr. 5/2024  
5. mars 2024

## Halli á viðskiptajöfnuði 28,6 ma.kr. á fjórða fjórðungi 2023 – hrein staða við útlönd jákvæð um 37,7% af VLF

Á fjórða ársfjórðungi 2023 var 28,6 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 107,1 ma.kr. lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 0,3 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2022. Halli á vöruskiptajöfnuði var 77,5 ma.kr. en 28,5 ma.kr. afgangur var á þjónustujöfnuði.<sup>1</sup> Frumþáttatekjur skiluðu 34 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 13,5 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2023 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2022/4</u>	<u>2023/1</u>	<u>2023/2</u>	<u>2023/3</u>	<u>2023/4</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-28,3</b>	<b>-14,6</b>	<b>6,0</b>	<b>78,6</b>	<b>-28,6</b>
Vöruskiptajöfnuður	-81,9	-44,9	-83,4	-84,7	-77,5
Þjónustujöfnuður	28,3	25,7	86,1	148,0	28,5
Jöfnuður frumþáttatekna	36,8	16,9	15,8	28,2	34,0
Rekstrarframlög, nettó	-11,4	-12,3	-12,6	-12,8	-13,5
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-1,2</b>	<b>-1,3</b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,7</b>	<b>-1,3</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>59,4</b>	<b>-41,1</b>	<b>-14,5</b>	<b>80,9</b>	<b>86,6</b>
Bein fjárfesting	41,6	-13,7	1,2	-125,1	94,9
Verðbréf	177,9	25,8	80,5	124,8	90,8
Afleiður	4,2	-2,8	-2,6	-6,9	-3,5
Önnur fjárfesting	-83,7	-28,4	-66,4	94,4	-99,6
Gjaldeyrisforði	-80,6	-22,0	-27,2	-6,3	4,0
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>88,9</b>	<b>-25,2</b>	<b>-19,6</b>	<b>3,1</b>	<b>116,5</b>

Afgangur á viðskiptajöfnuði á árinu 2023 í heild nam 41,4 ma.kr. samanborið við 65,2 ma.kr. halla árið á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 290,6 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 288,3 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 94,8 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 51,2 ma.kr. halla.

<sup>1</sup> Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.614 ma.kr. eða 37,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 326 ma.kr. eða 7,6% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.753 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.139 ma.kr. Á fjórðungnum batnaði staðan um 87 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Erlendar eignir hækkuðu um 33 ma.kr. en skuldir lækkuðu um 54 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar hækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 330 ma.kr. og skulda um 85 ma.kr. og leiddu því til 246 ma.kr. betri hreinnar erlendar stöðu þjóðarbúsins. Gengi krónunnar lækkaði um tæp 3,4% miðað við gengisskráningarvog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 6,1% milli fjórðunga en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði hækkaði um 9,7%.

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	Staða í lok 2023/3	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreyt- ingar	Aðrar breyt- ingar	Staða í lok 2023/4
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>5.381</b>	<b>33</b>	<b>330</b>	<b>9</b>	<b>5.753</b>
Bein fjárfesting	838	93	23	24	978
Verðbréf	3.022	62	257	-7	3.334
Afleiður*	14	-4	6	0	16
Önnur fjárfesting	743	-123	19	-7	633
Gjaldeyrisforði	763	4	25	0	792
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>4.093</b>	<b>-54</b>	<b>85</b>	<b>15</b>	<b>4.139</b>
Bein fjárfesting	1.447	-2	12	33	1.490
Verðbréf	1.410	-29	61	-26	1.415
Afleiður*	21	0	-4	0	18
Önnur fjárfesting	1.214	-23	16	9	1.216
<b>Hrein staða þjóðar- búsins</b>	<b>1.288</b>	<b>87</b>	<b>246</b>	<b>-6</b>	<b>1.614</b>
<b>% af VLF</b>	<b>30,1%</b>	<b>2,0%</b>	<b>5,7%</b>	<b>-0,1%</b>	<b>37,7%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.